



**Skýrsla stjórnar
foreldrafélags
Hofsstaðaskóla
Starfsárið 2010-2011**

Stjórn foreldrafélagsins veturinn 2010-2011 var skipuð eftirfarandi aðilum:

Formaður: Guðrún Birna Finnsdóttir

Varaformaður: Sigríður Guðlaugsdóttir

Ritari: Sigríður Inga Sigurðardóttir

Gjaldkeri: Gunnþór S. Jónsson

Meðstjórnandi: Þorgeir Axelsson

Meðstjórnandi: Inga Lís Sólonsdóttir

Níu stjórnarfundir voru haldnir í vetur. Unnið var skv. starfsáætlun sem birt var á vef skólans snemma hausts. Fyrsti fundur nýrrar stjórnar var 14. september og eru fundargerðir stjórnar aðgengilegar á netinu.

Tveir fulltrúaráðsfundir voru haldnir í október og febrúar en á fulltrúaráðsfundum eru allir bekkjarfulltrúar boðaðir og farið yfir hlutverk þeirra og rætt um bekkjarstarf og tengsl heimilis og skóla.

Bekkjarsjóðir voru endurreistir og höfðu flestir bekkir bekkjarsjóði sl. vetur. Enn á eftir að meta reynsluna formlega en áfram verður haldið með bekkjarsjóði næsta ár, og frekar kynnt fyrir kennurum hvernig nýta má sjóðina til þess að auðvelda bekkjarferðir utan skóla og að deila kostnaði vegna sameiginlegra atburða eins og t.d. leikhúsferðum um jólin.

Foreldrafélagið skipulagði og stóð fyrir kostnaði af heimsókn jólasveina á jólaskemmtun yngri barna eins og undanfarin ár.

Laufabrauðsdagur var haldinn 4. desember og mætti fjöldi nemenda ásamt fjölskyldum. Kökusala og útskurður gekk vel og seldist upp, en þörf var á fleiri sjálfboðaliðum, steikingin lendir á herðum aðeins of fárra. Þeir sem tóku þátt og lögðu fram vinnu fá kærar þakkir fyrir en þessi dagur er orðinn að góðri skólahefð og ófrávíkjanlegur hluti af jólaundirbúningi margra. Heyrðist spurt hvort enn mætti mæta þó að krakkar væru að fara upp í Garðaskóla.

Fyrir jólin afhenti foreldrafélagið konfektikassa til þeirra lögreglumanna sem staðið hafa vaktina við hringtorg skólans á morgnanna í vetur, enda viljum við gjarnan muna eftir því sem vel er gert og sinnt af alúð. Einnig fengu kennarar og starfsmenn jólasendingu á kaffistofuna.

Skriflegar þakkir voru sendar til bæjarverkfræðings vegna snöggra vinnubragða rétt fyrir skólasetningu sl. haust þegar ljóst varð að umferðaraukning yrði töluverð vegna breyttrar og aukinnar umferðar við Fjölbautarskólann, en skólastjóri og foreldrafélagið hafði lagt fast að bæjaryfirvöldum að bregðast við.

Svæðisráð allra foreldrafélaganna í Garðabæ var duglegt í vetur og var endurnefnt Grunnstoð Garðabæjar. Tóku Guðrún Birna og Sigríður Inga þátt í grunnstoðinni fh. Hofsstaðaskóla og mættu m.a. á 2 fundi með bæjarstjóra, bæði að hausti og vori, þar sem skipulega var farið yfir áherslumál foreldra gagnvart bæjaryfirvöldum. Þar hefur m.a. verið rætt um húsnæðismál Hofsstaðaskóla, frístundabíl, matarmál, umferðarmál og margt fleira. Grunnstoð hefur einnig beitt sér beint með ályktunum, t.d. til stjórnar Strætó.

Með viðbrögðum bæjaryfirvalda varðandi áframhaldandi frístundabíl og viðbyggingu við hofin þrjú við Hofsstaðaskóla er full ástæða til að halda því fram að þessir fundir hafi verið árangursríkir. Skólalóð Hofsstaðaskóla sérstaklega vel þrífur og hreinsuð í sumar, en foreldrafélagið hafði áður rætt við garðyrkjudeildina vegna lóðarinnar og þeirrar sjávarmálar sem er notuð undir leiktækin. Einnig eru nú skemmtilegir leikir

málaðir á skólalóðina sem slegið hafa í gegn á þessum fyrstu haustdögum.

Einn stór fræðslufundur var haldinn af Grunnstoð Garðabæjar, með yfirskriftinni „Gerum betur“ og var fundurinn vel sóttur miðað við óveðrið sem herjaði á okkur þennan kalda dag í mars, en fundurinn var haldinn í Sjálandsskóla með skemmtilegum fyrirlesurum. Það er gott að sjá áhuga foreldra að mæta á þá fræðslufundi sem foreldrafélagin bjóða upp á.

Foreldrafélagið hefur samþykkt að gefa skólanum púlt til notkunar í sal skólans en ekki hefur verið gengið frá kaupunum þar sem ekki hefur verið ákveðið hvernig púlt hentar best. Foreldrafélagið festi einnig kaup á kökudiskum sem geymdir eru í eldhúsi skólans til að minnka þörf á einnota borðbúnaði á bekkjarkvöldum og öðrum uppákomum, en einnota borðbúnaður samrýmist ekki umhverfisstefnu skólans.

Fyrir frístundaheimilið stóð foreldrafélagið fyrir spilasöfnun á notuðum spilum í haust, og á vordögum styrkti foreldrafélagið Regnbogann með kaupum á nýjum spilum og útileikföngum.

Nefndir:

Matarnefnd var sett á laggirnar og leidd af Þorgeiri Axelssyni. Skýrsla matarnefndar var send til skólastjóra að vori eftir úttekt og umræður, en miklar umræður höfðu skapast innan skólans um matarmál og gæði. Nýr aðili hefur nú tekið við skólamat í skólanum eftir að samningur rann út við fyrri aðila í sumar.

Í tækjanefnd voru Sigríður Guðlaugsdóttir og Dóróthea Jóhannsdóttir með þátttöku annarra í stjórn foreldrafélagsins.



Tækjanefnd foreldrafélagsins var sett á laggirnar 2009 og hélt ótrauð áfram sl. ár. Nefndin hefur það að markmiði að afla fjár fyrir kaupum á gagnvirkum skólatöflum fyrir skólann. Þetta var ákveðið þegar í ljós kom að fjármagn til tækjakaupa í skólanum hafði verið skorið niður í kjölfar efnahagshrunsins. Í skólanum voru til þrjár gagnvirkar skólatöflur, en stefnt hafði verið að því að fá eina töflu í hverja bekkjarstofu.

Tækjanefnd hélt grænan markað í skólanum í fyrsta skipti 25. september. Afrakstur markaðarins gaf ekki ástæður til að halda slíkan markað aftur, en aðsókn var minni en reiknað hafði verið með þrátt fyrir gjafmildi foreldra sem gáfu lítið notaðar vörur til sölu.

Í febrúar stóð tækjanefndin svo fyrir fjáröflunarneónbingói í sal FG en reynsla fyrra árs sýndi að salur Hofsstaðaskóla var of lítill. Til stendur að halda 2 bingó í vetur enda hafa undirtektir verið fádæma góðar. Fjöldi fyrirtækja í Garðabæ og víðar, lögðu söfnuninni lið með því að gefa vinninga í bingóið.

Að hausti 2011 afhenti foreldrafélagið svo skólanum aðra gagnvirku skólatöfluna þar sem fjármunir voru nýttir sem söfnuðust af grænum markaði, söfnun og neónljósabingói, ásamt framlagi beint úr sjóðum foreldrafélagsins. Skólinn keypti hljóðbúnað og upphengi fyrir töfluna.

Að lokum þakkar stjórnin kærlega öllum þeim fjölmörgu sem lögðu hönd á bagga sl. skólaár í starfi foreldrafélagsins í þágu Hofsstaðaskóla og minnir á að fundargerðir eru

öllum aðgengilegar á svæði félagsins á vefsíðu skólans.